

## **Erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps.**

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er skipuð af hreppsnefnd Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrjú fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns og varaformanns.

Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni. Hann boðar fundina með dagskrá og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri situr fundi nefndarinnar og ritar fundargerð.

Nefndin heldur fundi að jafnaði síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Fundargerð nefndarinnar er færð í tölvu. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Skulu allir viðstaddir undirrita útprentaða fundargerðina, sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Skal fundargerðin birt á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera hreppsnefnd til ráðgjafar í málefnum er undir nefndina heyra.
- að fara með byggingar- og skipulagsmálefni í hreppnum eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.
- að sinna öðrum málefnum sem undir nefndina heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og hreppsnefnd felur henni.
- að fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda.
- að gera tillögur til hreppsnefndar um markmið í málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið hreppsnefndar í þessum málaflokkum náí fram að ganga.
- að hafa forgöngu um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og fjalla um skipulagstillögur.
- að hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin.

Nefndin getur tekið ákveðin mál og vísað til hreppsnefndar  
Nefndir setur sér verklagsreglur til samþykktar hjá hreppsnefnd

### ***Gildistaka***

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalega nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps og tekur gildi 4. september 2018.